

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Ársskýrsla 2021

01.04.2022

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Nám - Námsframboð	3
3	Kennsla og stjórnun	4
4	Mannauðsmál	5
5	Skjalastjórnun	5
6	Græn skref	5
7	Sjálfsmat	6
8	Afkoma, rekstrarstaða.....	6
9	Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2020-2022	6
10	Brotthvarf.....	7
11	Samvinna við aðra	8
12	Lokaorð	9



1 Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur starfað frá haustönn 2004. Skólinn er að mestu hreinn bóknámsskóli með áfangakerfi. Skólaárinu er skipt í tvær jafnlangar annir, haust- og vorönn. Við stofnun skólans var horft til nýrra kennsluhátta og var skólabyggingin hönnuð og teiknuð með það í huga. Flest námsrými eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð upplýsingatækni sem er fléttað inn í flesta þætti skólastarfsins. Við höfum þá stefnu að leiðarljósi að vera framsækin skóli og höfum unnið undanfarið að því að innleiða vandinám ásamt því að halda áfram að þróa leiðsagnarnám. Við höfum lagt áherslu á að vera samkeppnishæf við aðra skóla í fjarnámi þar sem fjöldi nemenda á upptökusvæði skólans sem ljúka grunnskóla er minni en verið hefur en að öllum líkindum er þessi fækkun aðeins tímabundin.

Nemendur

Innritaðir nemendur voru 183 á vorönn og 206 á haustönn. Á vorönn voru 11 nemendur útskrifaðir frá skólanum. Átta þeirra luku stúdentsprófi og þrír luku námi á starfsbraut. Á haustönn 2021 voru 9 nemendur útskrifaðir og luku þeir allir stúdentsprófi.

Fjöldi	Vorönn 2021	Haustönn 2021
Nemendur	183	206
Dagskóli/grunnskóli	103	119
Fjarnám/ utanskóli	80	87
Karlar	86	98
Konur	97	101
Útskrifaðir	11	9

2 Nám - Námsframboð

Við skólann eru sex brautir til stúdentsprófs, þ.e. félags- og hugvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut, náttúru- og raunvísindabraut – búfræðilína, íþróttabraut, nýsköpunar- og frumkvöðlabaut og opin braut til stúdentsprófs. Við skólann er rekin starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólabaut 1 og 2.

Heiti brautar	Fjöldi nemenda vorönn 2021	Fjöldi nemenda haustönn 2021
Félags- og hugvísindabraut	57	55



Framhaldsskólabraut 1	2	1
Framhaldsskólabraut 2	6	21
Íþróttabraut	14	13
Náttúru- og raunvísindabraut	21	22
Náttúru- og raunvísindabraut-búfræðilína	0	1
Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut	0	6
Starfsbraut	9	10
Opin braut til stúdentsprófs	73	75
Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0
Samtals	183	204

3 Kennsla og stjórnun

Haustið 2021 störfuðu 32 starfsmenn við FSN:

- Skólameistari í 100% starfi
- Aðstoðarskólameistari í 75% starfi
- Fjármála- og skrifstofustjóri í 100% starfi
- Námsráðgjafi í 60% starfi
- Deildarstjóri á Patreksfirði í 80% starfi
- Deildarstjóri starfsbrautar í 100 % starfi
- Umsjónarmaður fasteigna í 100% starfi
- Skrifstofufulltrúi í 60% starfi
- Kerfisstjóri í 25% starfi
- Þroskajálfi í 100% starfi
- Stuðningsfulltrúi á starfsbraut í Grundarfirði í 100% starfi
- Mannauðsstjóri í 25% starfi
- Kennarar skólans voru 16 í 15 stöðugildum.
- Tveir ræstitæknar í 50% stöðu og 10 % stöðu
- Matráður í 50% stöðu



4 Mannauðsmál

Það er stefna FSN að efla skólann sem góðan vinnustað. Skólinn hefur mótað mannauðsstefnu og reynt er eins og kostur er að stuðla að aukinni starfsánægju og efla fólk í starfi.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hlaut [jafnlaunavottun](#) 13.mars. 19.janúar 2021 fengum við vottunarúttekt og 15.11.2021 fórum við í gegnum viðhaldsúttekt og stóðumst þá úttekt þannig að FSN mun viðhalda jafnlaunavottun sinni áfram, sbr. lög nr. 56/2017, og fylgja eftir aðgerðaáætlun um úrbætur.

Á árinu hefur verið unnið við að yfirfara stefnur og skrifa nýjar s.s. endurmenntunarstefnu, fjölmenningarstefnu, forvarnarstefnu, gæðastefnu, jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun, launa- og jafnlaunastefnu, loftlagsstefnu, umhverfisstefnu, persónuverndarstefnu, umhverfisstefnu, þjónustustefnu og lýðheilsustefnu. Þessi vinna mun halda áfram og ekki síður munum við fylgja eftir stefnumiðum skólans í einstökum málaflokkum varðandi innleiðingu og eftirfylgd. Stefnur FSN má lesa [hér](#).

Vorið 2021 hófst formleg vinna við undirbúning á endurskoðun á stefnu skólans með það að markmiði að skerpa á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn. Sigurborg Kr. Hannesdóttir ráðgjafi var fengin til að vinna með starfsfólki á verkefnadögum í maí og svo aftur í ágúst. Unnið var með nemendum á Húsfundi í október. Skólinn sótti um styrk í Sprotasjóð til að halda áfram með þessa vinnu en svar hefur ekki borist enn frá sjóðnum.

Settar hafa verið [áætlanir](#) til næstu þriggja ára sbr 31.gr. laga um opinber fjármál.

5 Skjalastjórnun

Málalykill Fjölbrautaskóla Snæfellinga var samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands 10. september 2018. FSN notar skjalavörslukerfið GoPro og fékk samþykki fyrir rafrænni skráningu gagna frá og með 1. janúar 2020. Aðstoðarskólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir er skjalastjóri.

6 Græn skref

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur nú lokið þremur af fimm skrefum í verkefni á vegum Umhverfisstofnunar. Stefnan er að klára skrefin fimm á þessu ári. Fyrsta skrefið var tekið í mars 2021 og annað skrefið fengum við í maí 2021 og þriðja skrefið fengum við í janúar 2022. Hleðslustöð fyrir rafbíla var sett upp við skólann árið 2020 til að hvetja nemendur og starfsfólk til að vera á bílum sem



ganga fyrir raforku og verið er að undirbúa uppsetningu á varmadælu, en skólinn er staðsettur á svokölluðu „köldu svæði“ og rafmagnskynding því mjög dýr.

7 Sjálfsmat

Við skólann starfar sjálfsmatshópur sem vinnur samkvæmt lögum um framhaldsskóla

Sjálfsmatshópur hefur unnið að hefðbundnu innra mat og sjá má skýrslu um sjálfsmat á heimasíðu skólans [Skýrslur um sjálfsmat FSN](#) og þar má einnig sjá [sjálfsmatsáætlun](#) skólans.

Húsfundir skólaárið 2021 voru haldnir samkvæmt venju en á þeim fá nemendur að segja skoðun sína á skólastarfinu, hvað sé vel gert og hvað megi betur fara.

Ytra mat á starfsemi FSN fór fram á vor- og haustönn 2020. [Hér má sjá skýrslu um ytra mat á haustönn 2020](#). Í framhaldi af niðurstöðum ytra mats 2020 var gerð umbótaáætlun sem unnið er eftir. Umbótaáætlunina má lesa [hér](#).

8 Afkoma, rekstrarstaða

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist því miður ekki árið 2021. Helstu ástæður fyrir því voru m.a. að nemendum hefur fækkað tímabundið og launakostnaður vegna veikinda fór fram úr áætlun. Þá voru ýmis verkefni tengd jafnlaunavottun, skjalastjórnun og COVID 19 dýr fyrir litla stofnun eins og FSN.

9 Árangur af markmiða setningu í stefnumiðaðri áætlun 2020-2022

Markmið í stefnu FSN	Staða árangursmælikvarða	Framvinda og ávinningur af áhersluverkefni
Markmið A1 Að auka gæði menntunar í framhaldsskólum. Mikilvægt er að aðgangur nemenda að gæðanámi og fullnægjandi stoðþjónustu sé greiður, óháð búsetu, og að nám sé skipulagt með þeim hætti að það uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.	Á vorönn 2021 var lokið við gerð nýsköpunar- og frumkvöðlabrautar . Ráðinn var starfsmaður sem sérhæfir sig í ráðgjöf og verkefnastjórnun til að vinna með kennurum að innleiðingu brautarinnar.	Við höfum miklar væntingar um þessa nýju braut og vonumst til að hún veki áhuga væntanlegra nýnema.
Markmið A2 Fylgst verður með hlutfallslegri aukningu		Stór hluti nemenda lýkur stúdentsprófi á tilskildum




á útskriftum á brautum. Staðan verður tekin eftir fjögur ár frá innritun. Stefnt er að því að fjölga nemendum sem útskrifast á tilskildum tíma og sinna þeim sem eru í áhættu á slöku gegni í námi og brotthvarfi úr skóla.		tíma. Áfram er unnið að því að minnka brottfall.
Markmið A3 Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleika við skólann.	Stutt kynningarmyndbönd hafa verið unnin og þau eru á síðu skólans og notuð þegar verið er að kynna skólann fyrir 10.bekkingum. Instagram síða skólans er virkari og bætt hefur verið við síðu.	Með aukinni kynningu á samfélagsmiðlum verður skólinn þekktari sem ákjósanlegur valmöguleiki til að sækja um skólavist. Umferð á instagram síðum skólans hefur aukist.
Markmið B1 Að efla mannauð skólans, allir nemendur og allt starfsfólk sé metið að verðleikum,	Staða skólans er nokkuð góð í könnuninni Stofnun ársins. Þar erum við í 6-7 sæti og einkunnir hækkað í nánast öllum flokkum.	Niðurstöður í viðhorfskönnunum, stofnun ársins og frá húsfundum sýna ánægju með starfsemi skólans.
Markmið B2 Virkja kennara í að þróa nýjar nálganir í skapandi starfi.	Kennarar þróuðu nýjar nálganir í kennslu á TEAMS á Covid tímanum.	Nemendur og kennarar ánægðir með kennslu á TEAMS.
Markmið B3 Draga úr umhverfisáhrifum.	Græn skref, notkun á pappír, notkun fjarfunda, vistvænir samgöngumátar.	FSN er búinn að ná 3.græna skrefinu, minni pappír notaður, fjarfundir mikið nýttir, starfsfólk nýtir skólabíl og umhverfisvæna bíla.

10 Brotthvarf

Við vinnum að því að minnka brottfall eins og hægt er. Ef nemendur ná ekki að uppfylla skólareglur vegna ástundunar þá er þeim boðið að skrifa upp á samning við skólameistara um bætta ástundun. Námsráðgjafi hefur þá hitt nemendur reglulega og hjálpað þeim við að skipuleggja vinnu sína og bæta ástundun í náminu. Þessi aðferð hefur gefist mjög vel og hefur orðið til þess að nemendur taka



síga í náminu og ná oft tilskildum árangri. Nú fá umsónarkennara nýnema meiri tíma til að sinna umsónarnemendum sínum, eldri nemendur hafa umsónarkennara og staða námsráðgjafa hefur verið aukin úr 50% í 60%.



Árlegt nýnemabrotthvarf hefur lækkað þó nokkuð undanfarin ár, eða stöðugt frá 2016-17 þegar það stóð í 7,3%. Nú er árlegt nýnemabrottfall 4%.

Mælingar ná aftur til 2010-11 og var það lengst af í kringum 7% til 2016-17 að 2015-16 undanskildu þegar það lækkaði um ca. eitt prósentustig frá árunum áður.

11 Samvinna við aðra

Samstarf við aðra Fjarmenntaskóla hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN getur ekki boðið upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum. Einnig stunda nemendur annarra fjarmenntaskóla fjarnám við FSN.

Áframhald hefur orðið á samvinnu við grunnskólana á upptökusvæði skólans. Skólameistari fundar reglulega með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar er skipulagt. Undanfarin ár höfum við boðið upp á svokallaðan Framhaldsskólahermi þar sem nemendum 10.bekkja var boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Þessi dagur hefur komið í staðinn fyrir opið hús og hefur



gefist vel og vakið lukku hjá nemendum. Þá höfum við sameinast um fræðsludaga með leik- og grunnskólum á Snæfellsnesi.

10.bekkingar á upptökusvæði skólans, þ.e. á norðanverðu Snæfellsnesi og frá sunnanverðum Vestfjörðum hafa átt kost á því að sækja nám í inngangsáföngum í FSN hafi þeir lokið námsefni á 1.þrepi.

Starfsbrautin hefur átt gott samstarf við ýmis fyrirtæki á svæðinu og nemendur á brautinni hafa farið í starfsnám, kynningar og heimsóknir en á Covid tíma hefur þessi hluti námsins legið að mestu leyti niðri.


12

Erlent samstarf

Vinna við Erasmusverkefni hefur hafist aftur eftir að hafa legið niðri vegna Covid. FSN er aðili að verkefni sem heitir Food for thought. Einnig erum við í samstarfi við Svæðisgarð Snæfellsness í verkefni sem heitir [Cultural Innovation through Ecopreneurship](#)

13 Lokaorð

Þegar þessi árskýrsla er unnin erum við vonandi að sjá fram á lok Covid faraldursins. Kennarar við FSN sýndu það í þessu undarlega ástandi sem skapaðist þegar heimsfaraldur stóð yfir að þeir voru vel undirbúnir til að takast á við kennslu af þessu tagi. Stór hluti nemenda okkar eru fjarnemendur og hluti nemenda sækir nám í framhaldsdeild á Patreksfirði. Við höfum alla þessa nemendahópa í sömu námshópum, hvort sem þeir eru fjarnemendur, staðnemendur eða nemendur í framhaldsdeild. Þessir kennsluhættir kalla á nýjar nálganir og ný vinnubrögð af hálfu kennara og óhætt er að fullyrða að kennarar standa sig vel. Frá upphafi skólans hefur verið lögð áhersla á það að starfsmannahópurinn sé gagnrýnnir á allt sem er gert og því sem ekki gengur nógu vel er breytt. Það er ánægjulegt að sjá niðurstöðu í Stofnun ársins en þau styðja við að þessi áhersla sé enn við lýði.



Í FSN horfum við með tilhlökkun til framtíðar þó að vissulega þurfum við að takast á við það vandamál að nemendum mun fækka í 10.bekkjum á upptökusvæði skólans á næstu árum en fjölgun fjarnemenda hefur valdið því að nemendafjöldi er svipaður og síðastliðin ár. Við viljum halda áfram að vera góður skóli fyrir bæði dagskólanemendur og fjarnemendur og vera framsækin framhaldsskóli en það eru einkunnarorð skólans ásamt orðunum sem komu út úr stefnuvinnu í haust en í FSN segjum við: Lifum – Lærum – Leikum.